

Sveitarfélögin
bt. sveitarstjórna, umhverfis- og skipulagsnefnda

Selfossi júní 2019

Varðar: Bindingu kolefnis og uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi til framtíðar, landsáætlun og landshlutaáætlanir í skógrækt.

Sú breyting varð þann 1. júlí 2016 á stjórnskipulagi skógræktar í landinu að landshlutaverkefni í skógrækt og Skógrækt ríkisins sameinuðust í eina stofnun, **Skógræktina**. Í nýsamþykktum lögum um skóga og skógrækt (maí 2019) segir að Skógræktin skuli í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, skógarbændur og aðra hagsmunaaðila vinna *landshlutaáætlanir*, þar sem útfærð er stefna um skógrækt úr sk. *landsáætlun í skógrækt*. Í landshlutaáætlunum skal tilgreina skóga og skógræktarsvæði, aðrar áherslur í skógrækt sem fram koma í skipulagsáætlunum og lagasetningu og hvernig samstarfi við sveitarfélög um skógrækt verði háttað. Áætlanirnar skulu innihalda framtíðarsýn skógræktar, stöðu- og árangursmat á viðkomandi svæði og skulu þær vera í samræmi við skipulagsáætlanir og aðra opinbera stefnumörkun. Þar skal m.a. fjalla um forsendur fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til ýmissa þátta, s.s. náttúruvernd, minjavernd og vernd landslags, vernd og endurheimt birkiskóga, ræktun nýrra skóga til uppbyggingar skógarauðlindar. Ennfremur áhrif skógræktar á atvinnuþróun og byggð, útivistarskóga og einn af mikilvægustu þáttunum, þ.e. skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga.

Í þessu skipulagsferli er brýnt að hafa hagsmunaaðila vel upplýsta og efla samstarf við sveitarstjórnir landsins. Þetta bréf er sent öllum sveitarfélögum til að upplýsa um þá vinnu sem framundan er.

Aukin útbreiðsla skóga hefur margvíslegar breytingar á landi og náttúrufari í för með sér, svipað og önnur landnotkun og getur því leitt til hagsmunaárekstra í einstaka tilfellum. Hagsmunaárekstra ber að forðast eins og kostur er, en ella leita lausna sem hvað flestir geta sætt sig við. Mestar líkur eru á að markmið skógræktar náist, ef ákvarðanir eru vel ígrundaðar og skipulagning góð.

Framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar

Einungis lítill hluti Íslands er þakinn skógi. Tæpt hálft prósent landsins er í dag þakið ræktuðum skógi og birkikjarr og skóglendi þekja 1,5%. Ýmis markmið geta verið með ræktun nýrra skóga, s.s. viðarnytjar, landbætur eða landgræðsla, beit í skjóli skóga og kolefnisbinding. Skógrækt er talin ein af mikilvægustu leiðum sem í boði eru til að binda kolefni úr andrúmslofti og vinna gegn þeim loftslagsvanda sem jarðarbúar eiga við að etja. Vegna skógleysis hefur Ísland mikla möguleika á að auka bindingu með nýskógrækt.


Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Skógrækt mun á næstu áratugum verða veigamikill þáttur í atvinnustarfsemi og bættum efnahag víða um land, sérstaklega þar sem hlúð verður að staðbundnum úrvinnsluiðnaði og markaðssetningu viðarafurða. Eftirspurn eftir viðarafurðum hefur aukist síðustu áratugi á heimsvísu og mun aukast, enda má vinna allt úr viðarafurðum sem nú er unnið úr olíu.

Ósk um fund með sveitarstjórnnum

Skógræktin mun á næstu misserum óska eftir fundi með sveitarfélögunum, til þess að kynna þessi áform og ræða hvernig gera megi betur grein fyrir skógrækt og skógræktaráformum í aðalskipulagi hvers sveitarfélags.

Með ósk um gott samstarf.
Virðingarfyllst,



Hreinn Óskarsson
Sviðstjóri samhæfingarsviðs
Skógræktarinnar



Hrefna Jóhannesdóttir
Skipulagsfulltrúi Skógræktarinnar